

97. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um gripdeildir enskra
fiskimanna.

1871.

3. nóvbr.

Eptir að vèr höfðum sent utanríkisstjórninni útskrift þá, sem amtið hafði sent hingað með bræfi 20. ágúst f. á., af prófi, sem haldið var við lögreglurètt þingeyjarsýslu 22. júní s. á. um það, að enskir fiskimenn frá *Grimsby* höfðu rænt hið frakkneska fiskiskip *Duc de Dalmatie*, sem strandaði sumarið 1869 þar í sýslunni, skýrði utanríkisstjórnin ensku stjórninni frá þessu máli. Verzlunarráðið (*Board of trade*) sem málinu var vísað til, lét síðan höfða rannsókn, og eptir þeim skýrslum, sem fengust í *Grimsby*, var haldið, að leiða mætti rök að því, að *Marks*, skipstjórnarmaður á hinu enska fiskiskipi *General Havelock*, hefði gjört sig sekan í ráni þessu, en til þess að fá fullkominn vitnisburð, sem vitnin verða að bera fram sjálf munnlega eptir enskum lögum, var nauðsynlegt, að þau vitni, sem höfðu verið tekin til prófs á Íslandi, yrði leidd fyrir enskum dómi, og gæti þar svarið, að skipstjórnarmaður *Marks* væri sami maður og sá, sem rændi skipið. Af því að mikill kostnaður mundi rísa af þessu, hikaði stjórnarráðið sèr samt við að halda lengra út í málið, og pareð enska stjórnin, um leið og hún kvaðst vera fús til að láta höfða málsókn á hendur *Marks*, lýsti því yfir, að hún efaði að það yrði til nokkurs, og um lítið væri að ræða, höfum vèr, jafnframt og þess skal getið, að enska stjórnin aðeins mundi borga kostnaðinn við vitnaleidslu á Englandi, ef sá, sem í hlut ætti, yrði dæmdur sekur, — en það er mjög efasamt, þar sem málið gengur í nefndardóm, — mælt til þess við utanríkisstjórnina, að hún gefi ensku stjórninni tilkynna, að oss hefði fundizt það rættast samkvæmt tillögum hennar, að sleppa því, að reka málið, og höfum vèr jafnframt notað tækifærið til, að leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að nauðsyn sè á, að höfð verði tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands, eins og frakkneska stjórnin gjörir, til þess að koma í veg fyrir, að þeir hafi í frammi slíkan yfirgang eptirleiðis.

1871.

3. nóvbr.

Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar, mælumst vèr til samkvæmt tillögum ensku stjórnarinnar, að þèr brýnið fyrir lögregluembættismönnum á Íslandi, að halda þegar próf, er þeir fá vitneskju um að útlendir fiskimenn hafa drýgt eitthvert afbrot eða haft í frammi yfirgang eða annan óskunda, til þess að svo fullkomnar skýrslur fáiist, sem auðið er, og skulu þeir síðan senda þær dómsmálastjórninni.¹

6. nóvbr.

98. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtsins og biskupsins á Íslandi, um húsleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.

Með því fimtán stúdentar eru nú í ár á prestaskólanum á Íslandi, og tíu af þeim hafa hver um sig fengið húsleigustyrk þann, sem til þess er ætlaður, en af hinum fimm, sem eigi er veittur þessi styrkur, eru fjórir utanbæjarmenn og styrksins þurfsandi, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háærverðugi herra, í bræfi 7. f. m., ásamt fylgiskjölum, lagt það til, að þessum fjórum stúdentum, sem eru Gunnlögur Halldórsson, Jón Þorsteinsson, Björn Stefánsson og Stefán Pétursson, verði veittur 40 rd. húsleigustyrkur hverjum, af því fè, sem veitt er í auglýsingu 4. marz þ. á. 11. gr. fyrir yfirstandandi fjárhagsár.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við dómsmálastjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar, og hefir landfógeta í dag verið skrifað það, sem með þarf, um að borga fèð úr jarðabókarsjóðnum.

Stjórnarráðið verður jafnframt að nota tækifærið til þess að leiða athygli yðar að því, að húsleigustyrkur verði eigi almennt veittur öðrum, en utanbæjar stúdentum, en ef ástæða þykir til,

¹) Dómsmálastjórnin hefir sama dag skrifað stiptamtmaninum og amtmanninum í vesturumdæminu um þetta atriði.